

## REGLUGERÐ

### um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna sölu hópferðabifreiða úr landi.

#### *Gildissvið.*

##### 1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar skal endurgreiða rekstraraðilum hópferðabifreiða, sem leyfi hafa samkvæmt lögum nr. 13/1999 um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 19,68% af söluverði hópferðabifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi, sbr. þó 2. mgr.

Endurgreiða skal rekstraraðilum hópferðabifreiða, sem nýskráðar eru á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003 og notið hafa endurgreiðslu virðisaukaskatts skv. lögum nr. 57/2001, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, 6,56% af söluverði hópferðabifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi.

#### *Endurgreiðslubeiðni.*

##### 2. gr.

Sækja skal um endurgreiðslu á sérstöku eyðublaði í því formi sem tollstjórinn í Reykjavík ákveður.

#### *Afgreiðsla á umsóknum og skilyrði endurgreiðslu.*

##### 3. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari og annast endurgreiðslu.

Skilyrði endurgreiðslu er að í beiðni um endurgreiðslu sé sýnt fram á með fullnægjandi hætti að mati tollstjóra að hópferðabifreiðin hafi verið seld úr landi.

Tollstjórinn í Reykjavík skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur hann í því sambandi krafði umsækjanda nánari skýringa á viðskiptunum. Með beiðni um endurgreiðslu skal fylgja frumrit sölureiknings eða greiðsluskjal frá töllyfirvöldum þar sem fram kemur söluverð hópferðabifreiðar með áritaðri staðfestingu tollgæslunnar á því að hópferðabifreið samkvæmt reikningnum hafi verið seld úr landi.

##### 4. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

##### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 6. gr. laga nr. 105/2000, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 3. júlí 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*